

FUNDARGERÐ

95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi laugardaginn 11. mars 2017.

Dagskrá:

1. Setning
2. Kosning þingforseta og ritara
3. Kosning kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar og reikningar
5. Álit kjörbréfanefndar
6. Kosning starfsnefnda þingsins
7. Inntaka nýrra félaga
8. Umræður um skýrslu stjórnar
9. Ávörp gesta
10. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar þ.m.t. fjárhagsáætlun og árgjalda félaga
11. Þinghlé – nefndir starfa
12. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu
13. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu
14. Kosning stjórnar
15. Kosning á íþróttaping ÍSÍ
16. Önnur mál
17. Þinggerð – þingslit

Sambandsstjóri Sólrún Halla Bjarnadóttir setti þingið kl. 10:12 og bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega gesti þingsins.

Sambandsstjóri bar upp tillögu um að þingforsetar yrðu Guðmundur Sigurðsson og Kristján Gíslason og var það samþykkt samhljóða. Guðmundur tók við fundarstjórn og bar upp tillögu um að Ingi Tryggvason yrði ritari þingsins og var það samþykkt samhljóða.

Guðmundur bar upp tillögu um að kjörbréfanefnd skipuðu Guðrún Þórðardóttir, Þórhildur Margrét Kristinsdóttir og Páll Brynjarsson. Samþykkt samhljóða og tók nefndin þegar til starfa.

Gengið til dagskrár.

Skýrsla stjórnar:

Sambandsstjóri Sólrún Halla Bjarnadóttir flutti skýrslu stjórnar og nefndi hún sérstaklega þetta:

1. Að félagin innan UMSB hefðu verið að sinna störfum sínum vel og vísaði um það til skýrslna þeirra sem væru hluti af prentaðri ársskýrslu sambandsins

2. Unglingalandsmót og þakkaði hún sérstaklega öllum sjálfboðaliðum sem unnu að undirbúningi og framkvæmd mótsins. Var Rósu Marinósdóttur veitt sérstök viðurkenning en hún vann flestar vinnustundir við undirbúning og framkvæmd mótsins
3. Haldnir voru tveir formannafundir á árinu
4. Styrki frá UMFÍ til að halda námskeið
5. Undirbúning og innleiðingu frístundakorta í sveitafélaginu Borgarbyggð
6. Heilsuviku í Borgarbyggð
7. Íþrótt- og tómstundaskóli fyrir 1.-4. bekk í Borgarnesi, Varmland, Kleppjárnsreykjum og Hvanneyri. Gengið hefur erfiðlega að halda skólanum úti á Varmalandi vegna skorts á starfsfólki
8. Ungmennaráð starfandi í Borgarbyggð og í því sitja tveir fulltrúar frá hverri starfsstöð grunnskóla í sveitarfélaginu
9. Þakkaði framkvæmdastjóra Pálma Blængssyni og tómstundafulltrúa Sigríði Dóru Sigurgeirsdóttur fyrir þeirra störf

Reikningar:

Pálmi Blængsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi sambandsins fyrir árið 2016. Helstu tölur eru þessar:

Rekstrartekjur samtals 57.531.852 og þar af eru framlög og styrkir 18.775.347, lottó 7.437.625, húsa- og vallarleigutekjur 28.642.008

Rekstrargjöld samtals 54.932.438 og þar af eru laun og verktakagreiðslur 15.617.249, styrkir til aðildarféлага 8.141.327, rekstur mannvirkja 28.575.812 og rekstur skrifstofu 1.333.600

Hagnaður 2.651.715

Fastafjármunir 7.975.561

Veltufjármunir 9.660.149 og þar af handbært fé 8.456.509

Eigið fé alls 11.047.869 og þar af óráðstafað eigið fé 3.623.127

Skammtímaskuldir alls 6.587.841

Skuldir og eigið fé samtals 17.635.710

Rekstrartekjur afreksmannasjóðs 809.864 og gjöld 524.437 og hagnaður 285.427. Eignir 2.949.154

Álit kjörbréfanefndar:

Guðrún Þórðardóttir gerði grein fyrir niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Fjögur félag hafa ekki sent fulltrúa á sambandsþingið. Skallagrímur sendir 10 af 11 og Faxi 1 af 3 en önnur félag fylla fulltrúafjölda sinn.

Inntaka nýrra aðildarféлага: Ekkert nýtt félag hefur óskað eftir inngöngu í UMSB

Umræður um skýrslu stjórnar: Enginn tók til máls en þingforseti þakkaði stjórn fyrir góð störf á liðnu ári.

Ávörp gesta:

Íris Gröndfeldt tók til máls um afreksmannasjóð UMSB. Styrkir voru veittir þeim sem hlotið höfðu landsliðssæti á árinu en þeir eru:

- Bjarki Pétursson golf 175.000
- Birgitta Dröfn Björnsdóttir dans 115.000
- Daði Freyr Guðjónsson dans 115.000
- Bjarni Guðmann Jónsson körfubolti 65.000
- Inga Rósa Jónsdóttir badminton 65.000
- Sigurður Þorsteinsson körfubolti 65.000

Þá tók til máls Guðmundur Sigurbergsson frá UMFÍ og nefndi hann sérstaklega þetta:

- Mikilvægi sjálfbóðaliðans og mannauðinn sem ungmennafélögin búa yfir
- Lýsti yfir ánægju með ársskýrslu UMSB og því að rekstrarniðurstaðan væri jákvæð en það væri forsenda þess að starfsemin gæti blómstrað
- Veitti Írisi Gröndfeldt starfsmerki UMFÍ og rakti lauslega glæsilegan feril hennar í frjálsum íþróttum og störf hennar í þágu frjálsra íþrótta

Til máls tók frá ÍSÍ Gunnlaugur Júlíusson og bar þinginu kveðjur frá formanni, framkvæmdastjóra og starfsfólki ÍSÍ. Hann nefndi sérstaklega þetta:

- Lýsti yfir ánægju með jákvæða rekstrarniðurstöðu UMSB en það væri forsenda þess að starfið væri öflugt
- Nefndi að verja þyrfti lottóið en það væri mjög mikilvæg tekjulind fyrir ungmennafélögin
- Úthlutað hefði verið nýlega um 100.000.000 úr ferðasjóði ÍSÍ
- Hann nefndi íþróttaslysasjóð fyrir ungmenni sem slasast
- Verið væri að endurskipuleggja afrekssjóðs ÍSÍ
- Smáþjóðaleikar í júní
- Þakkaði fyrir hönd Borgarbyggðar samstarfið við UMSB sem hann sagði að hefði verið mjög gott árið 2016

Lagðar fram tillögur:

Þrjár nefndir tóku til starfa en það eru íþróttanefnd formaður Agnes Guðmundsdóttir, allsherjarnefnd formaður Hrönn Jónsdóttir og fjárhagsnefnd formaður Björn Bjarki Þorsteinsson.

Tillögur stjórnar eru tólf og gerði Kristján Gíslason grein fyrir því í hvaða nefnd tillögurnar færu. Nefndir tóku síðan til starfa og eiga að starfa í eina klukkustund. Að nefndarstörfum

loknum yrði gert matarhlé en þingstörf myndu hefjast aftur kl. 12:50 sem síðar breyttist í 12:30.

Tillögur fyrir sambandsþing 2017 frá stjórn UMSB

1. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2017, sbr. þingskjal 1.
2. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr. á hvern skattskyldan féлага fyrir árið 2017.
3. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 þakkar sveitarfélaginu Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
4. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 þakkar Skorradalshreppi samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
5. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 þakkar UMFÍ og unglíngalandsmótsnefnd ánægjulegt samstarf við undirbúning og framkvæmd Unglíngalandsmóts sem haldið var í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016.
6. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 samþykkir að heimila stjórn UMSB og fulltrúa Borgarbyggðar að endurskoða reglugerð um kjör íþróttamanns Borgarfjarðar og leggja fram til samþykktar á formannafundi UMSB haustið 2017.

Greinargerð með tillögu nr. 6

Sl. 4 ár höfum við unnið eftir núverandi fyrirkomulagi varðandi kjör íþróttamanns Borgarfjarðar. Við gerð núverandi reglugerðar voru sameinaðar í eitt, kjör íþróttamanns ársins á vegum Borgarbyggðar og kjör UMSB. Stjórn UMSB vill með þessu fá umræðu um fyrirkomulag kjörsins og hvort almenn sátt sé með núverandi fyrirkomulag eða hvort rétt sé að endurskoða reglugerðina að einhverju eða öllu leyti.

7. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 samþykkir að veita stjórn UMSB umboð til að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa byggingu fjölnota íþróttahúss í Borgarnesi Starfshópurinn skal kynna niðurstöður sínar á formannafundi UMSB haustið 2017.

Greinargerð með tillögu nr.7

Undanfarin ár hefur UMSB skilað inn til Borgarbyggðar skjali samkv. samstarfssamningi sem heitir „Forgangsröðun endurbóta og uppbyggingar á íþróttamannvirkjum í Borgarbyggð“. Skjal þetta sýnir þá forgangsröðun sem aðildarfélög UMSB eru sammála um að skuli vinna eftir þegar kemur að uppbyggingu og endurbótum á íþróttamannvirkjum í Borgarbyggð og er hún gerð bæði til 4 og 10 ára. Sl. 3 ár hefur bygging fjölnota íþróttahúss í Borgarnesi verið efst á lista yfir þau mannvirki sem við viljum sjá byggjast hér upp á næstu 10 árum, en ekkert hefur gerst annað en að við höfum sammælt um þessa forgangsröðun og sett hana á blað. Nú viljum við taka frumkvæðið í að stíga næsta skref og setja saman starfshóp sem hefur það hlutverk að kanna og kortleggja byggingu fjölnota íþróttahúss í Borgarnesi með því að gera m.a. kostnaðaráætlun, skoða mögulegar fjármögnunarleiðir, skoða mismunandi leiðir varðandi rekstarfyrirkomulag og mögulega samstarfsaðila. Starfshópurinn skal kynna niðurstöður sínar á formannafundi UMSB haustið 2017.

8. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 samþykkir að tilnefna Írisi Grönfeldt í valnefnd fyrir kjör íþróttamanns Borgarfjarðar 2017.
9. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 samþykkir að tilnefna sambandsstjóra UMSB á íþróttaping ÍSÍ fyrir hönd UMSB.
10. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 skorar á sveitarstjórn Borgarbyggðar að afgreiða sem fyrst umsókn Skotfélags Vesturlands um svæði fyrir starfsemi þess.
11. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 skorar á sveitarstjórn Borgarbyggðar að afgreiða sem fyrst umsókn Mótorsportfélags Borgarfjarðar um svæði fyrir starfsemi þess.
12. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 samþykkir að veita stjórn UMSB heimild til að sækja um að halda 9. Landsmót 50+ árið 2019 í Borgarnesi í samstarfi við sveitarfélagið Borgarbyggð.

Kl. 12:35 var fundarstörfum haldið áfram.

Hrönn Jónsdóttir gerði grein fyrir tillögum sem allsherjarnefnd fékk til umfjöllunar. Tillögur nr. 3, 4 og 5 voru samþykktar samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 7. Til máls tóku Guðbjörg Sigurðardóttir og vildi vita hver viðbrögð Borgarbyggðar hefðu verið við tilmælum UMSB á undanförunum árum um forgangsröðun endurbóta og uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í Borgarbyggð. Pálmi Blængsson sagði að þetta væru ekki beint erindi sem ætlast væri til að fá svar við heldur skoðun UMSB á uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarbyggð.

Tillagan var síðan samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 9 samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 10 samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 11 samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 12 samþykkt samhljóða án umræðu.

Allsherjarnefnd lagði síðan fram þrjár tillögur til viðbótar:

1. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 skorar á sveitarstjórn Borgarbyggðar að hefjast þegar handa við að skipta út gúmmíkurli í gervigrasvöllum sveitafélagsins.
2. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 hvetur sveitarstjórn Borgarbyggðar til að lengja opnunartíma í íþróttamannvirkjum á Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi.
3. 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 hvetur sveitarfélagið Borgarbyggð til að bæta aðstöðu fyrir almenningsíþróttir með uppsetningu á útiæfingatækjum.

Tillögurnar voru allar samþykktar samhljóða án umræðu.

Agnes Guðmundsdóttir gerði grein fyrir tillögum sem íþróttanefnd fékk til umfjöllunar.

Tillaga nr. 6 var breytt og hljóðar hún þannig: 95. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi 11. mars 2017 samþykkir að heimila stjórn og fulltrúa Borgarbyggðar að endurskoða reglugerð um kjör íþróttamanns Borgarfjarðar og leggja fram drög að reglugerð á formannafundi UMSB vorið 2017 til kynningar. Endurskoðuð reglugerð verði síðan lögð fram til samþykktar á á formannafundi UMSB haustið 2017.

Tillagan var samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 8 var samþykkt samhljóða án umræðu.

Íþróttanefnd lagði fram eftirfarandi tillögu: 95. Sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi laugardaginn 11. mars 2017 leggur til að farið verði í endurskoðun og samræmingu á reglugerð um afreksmannasjóð UMSB við endurskoðaða reglugerð um kjör íþróttamanns Borgarbyggðar.

Tillagan var samþykkt samhljóða án umræðu.

Björn Bjarki Þorsteinsson gerði grein fyrir tillögum sem fjárhagsnefnd fékk til umfjöllunar.

Tillaga nr. 1 Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017

Rekstrartekjur alls 56.361.900 og þar af framlög og styrkir 19.450.000, lottó 6.800.000 og hús- og vallarleigutekjur 28.720.000

Rekstrargjöld alls 55.536.732 og þar af laun og verktakagreiðslur 16.154.747, styrkir til aðildarféлага 8.073.659 og rekstur mannvirkja 28.673.326

Hagnaður 825.168

Ámundi Sigurðsson spurði hvers vegna félagaskattur ætti að lækka á milli ára eins og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Pálmi Blængsson sagði að ástæða þess væri m.a. sú að það væri verið að taka í notkun nýtt félagakerfi og þá mætti gera ráð fyrir fækkun í félögum m.a. vegna þess að í núverandi félagaskrá væri jafnvel látið fólk.

Guðbjörg Sigurðardóttir spurði af hverju frjálsíþróttaskóli væri 0 (liður 15000/16200) og ferðastyrkir 0 (liður 35400) á fjárhagsáætlun.

Pálmi Blængsson sagði að nú væri fjárhagsáætlun á nýju formi og bókhaldslykill 16200 væri gamall og síðan UMSB hefði rekið frjálsíþróttabúðir (sumarbúðir) en nú væri það í höndum Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar. Þessi bókhaldslykill ætti því í raun ekki að vera inni í bókhaldskerfinu. UMSB hefði í gegnum tíðina ekki veitt ferðastyrki en eftir að sambandið varð skuldlaust hefði verið ákveðið að setja reglur um ferðastyrki og fara að veita slíka styrki. Þeir væru undir bókhaldslyklinum sérverkefni (35600).

Tillaga nr. 1 var síðan samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 2 var samþykkt samhljóða án umræðu.

Reikningar bornir undir atkvæði:

Guðbjörg Sigurðardóttir spurði um styrki til aðildarféлага af hverju þeir væru 0 árið 2016 og af hverju sérverkefni væru bara 80.000 árið 2016.

Pálmi Blængsson sagði að 80.000 undir sérverkefni væru í raun ferðastyrkir á grundvelli umsókna á fyrri hluta ársins 2016. Það hefðu ekki margar umsóknir borist og það hefði verið tap á rekstri UMSB árið 2015 og því hefði þessi sjóður verið lítill árið 2016.

Reikningar UMSB fyrir árið 2016 voru síðan samþykktir samhljóða.

Kosning stjórnar:

Guðbjörg Sigurðardóttir gerði grein fyrir tillögum uppstillingarnefndar um stjórn.

Sambandsstjóri til eins árs Sólrún Halla Bjarnadóttir.

Ritari til tveggja ára Kristín Gunnardóttir.

Vararitari til tveggja ára Þórður Sigurðsson.

Meðstjórnandi til tveggja ára ára Anna Dís Þórarinsdóttir.

Varamaðstjórnandi til tveggja ára Þórhildur María Kristinsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga til eins árs Guðbrandur Brynjúlfsson og Eiríkur Ólafsson.

Varaskoðunarmaður til eins árs Einar Ole Pedersen.

Fleiri tillögur komu ekki fram og voru því ofangreindir réttkjörnir með lófataki.

Önnur mál:

Guðbjörg Sigurðardóttir gerði grein fyrir tillögu uppstillingarnefndar um skipan nefndarinnar. Tillagan er sú að lagðar yrðu þær skyldur á herðar stjórn allra aðildarfélagas UMSB að tilnefna einn einstakling í uppstillingarnefnd UMSB 2018. Tilnefningarnar berist stjórn UMSB fyrir vorfund formanna aðildarfélagas UMSB 2017. Vorfundur formanna mun síðan skipa fimm manna uppstillingarnefnd sem hefði það megin hlutverk að finna nýjan sambandsstjóra þar sem nýkjörin sambandsstjóri mun ekki gefa kost á sér aftur.

Páll Brynjarsson spurði hvort þetta væri ekki of viðurhlutamikið.

Pálmi Blængsson sagði að UMSB vildi virkja félögin betur í því að mynda sambandsstjórn.

Guðbjörg sagði nauðsynlegt að aðildarfélögin gerðu sér grein fyrir skyldum sínum hvað það varðar að mynda sambandsstjórn og manna önnur embætti á vegum sambandsins.

Tillögunni var breytt og samþykkt þannig: 95. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti laugardaginn 11. mars 2017 leggur þær skyldur á herðar stjórn allra aðildarfélagas UMSB að á formannafundi vorið 2017 verði skipuð fimm manna uppstillingarnefnd sem hafi það hlutverk að finna fólk í stjórn fyrir sambandsþingið vorið 2018.

Kolbeinn Magnússon sagði að það væri erfitt að fá fólk til að eyða laugardegi í fundarsetu og því væri erfitt fyrir félögin að ná fulltrúum á þing sem þetta. Hann lagði síðan fram svohljóðandi tillögu: 95. sambandsþing UMSB haldið í Hjálmakletti laugardaginn 11. mars 2017 samþykkir að fela stjórn UMSB að athuga möguleika á því að halda þingið að kvöldi til í miðri viku.

Guðbjörg Sigurðardóttir tók undir það að það væri erfitt að fá fólk á sambandsþingið. Hún sagði að það vantaði formenn í sum félög og deildir. Hún velti því upp hvort staðan væri orðin sú að það þyrfti að sameina aðildarfélög. Hún vildi að fólk myndi velta þessu fyrir sér.

Tillaga Kolbeins var síðan samþykkt með 13 atkvæðum en enginn var á móti.

Hrönn Jónsdóttir ræddi um félagakerfið Felix og sagði að þó ýmsir gerðu athugasemdir við það kerfi væri það mjög mikill gagnagrunnur um félagas í íþróttahreyfingunni.

Ámundi Sigurðsson spurði hvort það væru til skrár um iðkendur í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Ábending kom fram um að það vantaði í prentuðu ársskýrsluna hverjir væru í stjórn UMSB.

Önnur mál ekki tekin fyrir og þingforsetar þökkðu fyrir sig.

Formaður þakkaði þingforsetum og ritara fyrir þeirra störf á þinginu. Hún þakkaði einnig þingfulltrúum fyrir þingsetuna og fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum velfarnaðar í sínum störfum.

Samþykkt að ritari myndi ganga frá fundargerð og hún yrði síðan send þingfulltrúum..

Sambandsstjóri sleit þinginu kl. 13:48.

Ingi Tryggvason fundarritari